



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Fréttabréf

Desember 2019 - 17. árgangur, 2. tölublað

Rangárbíng eystra
Austurvegur 4
860 Hvolsvöllur

Sími: 488-4200

Vefur: www.hvolsvollur.is

Umsjón: Nanna Fanney Björnsdóttir

Ábyrgð: Anton Kári Halldórsson

Kæru sveitungar !

Árið 2020 er handan við hornið. Að hugsa sér, ekki svo langt síðan manni fannst þetta tiltekna ártal vera í órafjarlægð, lengst inn í framtíðinni. Við héldum jafnvel að árið 2020 hefðum við tekið upp búsetu á fjarlægum plánetum, svifum um loftin á flugbílum og sumir gengu jafnvel svo langt að halda því fram að við sjálf yrðum orðin hálfgerð vélmenni. Flest af þessu, ásamt öðrum tilgátum um stöðu okkar í framtíðinni hefur kannski, sem betur fer, ekki orðið að veruleika.

Ýmislegt hefur þó breyst, tækniþróun er gríðarlega hröð hvort sem okkur þykir það til batnaðar eða ekki. Hvað framtíðin ber í skauti sér er nánast ómögulegt að segja til um. Eitt getum við þó verið viss um og það er að við verðum partur af henni í einhverri mynd. Að sjálfsögðu tökum við þátt í þróuninni og breytumst með einhverjum hætti í takt við tímann.

Ég held samt að í grundvallaratriðum þá breytumst við ekki svo ýkja mikið. Ég hef fulla trú á því að hver og einn einstaklingur hafi það sem upplegg að verða betri maður en hann var í gær. Við viljum láta gott af okkur leiða, vera metin að verðleikum, standa okkur vel í leik og starfi og vinna í haginn fyrir afkomendur okkar. Öll erum við mismunandi og þarfir okkar og væntingar til lífsins af ýmsum toga. Það er þó eitt umfram allt sem ég tel að við deilum öll, við viljum vera hamingjusöm.

Hamingjan er að stærstum hluta huglæg. Það er hreint ótrúlegt þegar maður áttar sig því (geri það samt ekki alltaf sjálfur) að við hvert og eitt höfum mest um það að segja hversu hamingjusöm við erum. Við skulum aldrei gleyma því sem okkur er mikilvægast og stendur okkur næst. Börnin okkar, fjölskylda og vinir. Gefum okkur tíma, búum til tíma og forgangsroðum með tilliti til þess sem veitir okkur hamingju og getur þá einnig stuðlað að hamingju annarra sem umgangast okkur í hinu daglega lífi. Dveljum ekki of lengi í fortíðinni, þó vissulega sé okkur nauðsynlegt að læra



af henni og þeim mistökum sem við höfum gert. Tíminn er allt of fljótur að líða, stefnum á þann stað í framtíðinni að geta lítið til baka og verið sátt við lífið og tilveruna.

Ég óska ég ykkur öllum gleðilegra jóla og gæfuríks nýs árs með kærri þökk fyrir árið sem er að líða.

*Anton Kári Halldórsson,
sveitarstjóri Rangárbíngs eystra.*

Hafmeyja Nínu Sæmundsson

Jónína Sæmundsdóttir, eða Nína Sæmundsson eins og hún kallaði sig, fæddist að Nikulásarhúsum, nálægt Hlíðarenda í Fljótshlíð, árið 1892 og var hún yngst fimmtán systkina. Foreldrar hennar voru þau Sæmundur Guðmundsson og Þórunn Gunnlaugsdóttir, ábúendur að Nikulásarhúsum.

Nína lést árið 1965 og er minningarreitur um hana staðsettur rétt innan við Hlíðarenda. Nína er helst þekkt sem myndhöggvari og lærði hún á Konunglegu listaakademíunni í Kaupmannahöfn, í París og á Ítalíu. Árið 1926 flutti Nína til Bandaríkjanna og bjó þar að mestu síðan, en hélt þó ætíð íslenskum ríkisborgararétti sínum.

Verk Nínu Hafmeyjan er frá árinu 1944 og er fyrirmynd höggmyndarinnar sem komið var fyrir í Tjörminni í Reykjavík í ágúst 1959 og sem svo var sprengd í loft upp á nýársnótt 1960. Mörg önnur þekkt verk eru til eftir Nínu, svo sem verkið Móðurást sem staðsett er við Lækjargötu í



Reykjavík. Það mun vera fyrsta sjálfsæða listaverkið sem sett var upp á opinberum vettvangi hér á landi, án þess að vera minnismerki. Verkið var unnið erlendis og hlaut Nína fyrstu verðlaun fyrir það í keppni sem rösklega 1000 listamenn tóku þátt í.

Annað verk Nínu Afrekshugur, högg-

mynd af vængjaðri veru, er yfir anddyri Waldorf Astoria hótelsins í New York borg. Samkeppni fór fram árið 1931 um gerð listaverks fyrir hótelið og bar Nína sigur úr býtum, en þátttakendur í keppninni voru um 400. Enn fleiri verk eftir Nínu Sæmundsson er að finna bæði erlendis og hér á landi, m.a. í Listasafni Íslands, að Eiríksstöðum í Haukadal vestur og við Nonna-safnið á Akureyri.

Frumgerð Hafmeyju Nínu Sæmundsson er nú í láni hér hjá okkur í Rangárþingi eystra og er hún staðsett á skrifstofu sveitarfélagsins. Verkið fór á uppboð hjá Gallerí Fold árið 2009 en seldist ekki þar. Nokkur tilboð komu í styttuna en uppsett verð seljanda náðist ekki. Haraldur Sturlaugsson keypti styttuna eftir uppboðið og er eigandi hennar í dag. Hann segir ástæðuna fyrir kaupunum vera þá að honum þætti vænt um allar stúlkur í Fljótshlíðinni og vildi ekki að Hafmeyjan væri munaðarlaus.

Við hvetjum fólk eindregið til að koma á skrifstofu sveitarfélagsins að Austurvegi 4 og berja listaverkið augum.



Skógasafn 70 ára



Á haustmánuðum 2019 var haldið upp á 70 ára afmæli Skógasafns. Þessum merku tímamótum var fagnað með hátíðarhöldum á Skógasafni. Safnið er meðal elstu byggðasafna landsins og telur safnkosturinn nú um 18 þúsund muni.

Sönghópurinn Öðlingarnir fluttu nokkur lög og Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra setti hátíðina. Ýmsir fluttu ávörp og má

þar nefna Ingvar P. Guðbjörnsson formann stjórnar Skógasafns og Andra Guðmundsson forstöðumann safnsins. Einnig ávörpuðu viðstadda Anton Kári Halldórsson formaður héraðsnefndar Rangárvallasýslu og sveitarstjóri Rangárþings eystra og Þórdur Tómasson fyrrum safnstjóri Skógasafns. Þórdur er einn stofnanda Skógasafns og sinni stöðu sýningarstjóra frá árinu 1949 til ársins 2013, þá 92 ára að aldri.

Jafnréttisvika í Rangárþingi eystra

Í núgildandi jafnréttisáætlun Rangárþings eystra er gert ráð fyrir að haldin verði jafnréttisvika í nóvember ár hvert og var jafnréttisvikan haldin nú í fyrsta sinn vikuna 18. - 24. nóv. sl.

Jafnréttisnefnd hvatti allar stofnanir sveitarfélagsins til þess að beina kastljósinu sérstaklega að jafnrétti á margvíslegan hátt, t.d. með ákveðnum verkefnum, kaffistofuumræðum, málþingum o.s.frv. Ýmsum bæklingum um jafnrétti og stöðu kynjanna á Íslandi var dreift á kaffistofur í sveitarfélaginu, sem vonandi hefur leitt til áhugaverðra rökraðna og spjalls.

Fimmtudagskvöldið 21. nóvember bauð sveitarfélagið svo upp á skemmtilegan og fróðlegan fyrirlestur um hinar ýmsu birtingarmyndir karlmennskunnar, en fyrirlesari var Þorsteinn V. Einarrsson. Fyrirlesturinn, sem var haldinn í Midgard Base Camp, var vel sóttur og sköpuðust lífligar og skemmtilegar umræður að honum loknum.



Dagur íslenskrar tungu

Frá árinu 1996 hefur verið haldið upp á dag íslenskrar tungu, þann 16. nóvember ár hvert. Sérstöku átaki hefur verið beitt í þágu íslensks máls og er dagurinn helgaður rækt við það. Á þann hátt er athygli þjóðarinnar beint að stöðu tungunnar og gildi hennar fyrir þjóðarvitund og menningu.

Hjá okkur í Rangárþingi eystra var dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur í Hvolsskóla þriðjudaginn 12. nóvember, þar sem þann 16. bar upp á laugardag.

Dagurinn hófst á ávarpi sveitarstjóra, Antons Kára Halldórssonar, og stóð dagskráin síðan óslitið allan daginn og langt fram á kvöld.

Stærsti dagskrárliður hátíðarinnar var eins og venjulega upplestur á Njálu og er þetta í fimmtánda sinn sem nemendur 10. bekkjar lesa söguna í heild sinni með leiklestri.

Það voru þær Auður Friðgerður Halldórsdóttir kennari og Halldóra Kristín

Magnúsdóttir, þáverandi aðstoðarskólustjóri Hvolsskóla, sem áttu á sínum tíma hugmyndina að lestri Njálu þennan dag. Fyrstu árin var öll bókin lesin frá upphafi til enda, en fljótlega var þó farið að stytta hana lítillega.

Nemendur 10. bekkjar eru í ár 24 talsins og tóku þeir allir þátt í lestrinum. Nemenndur annarra bekkja lögðu einnig sitt af mörkum í fjölbreyttri dagskrá með söng og upplestri, auk þess sem myndlist nemenda prýddi veggj skólans. Hringur, kór eldri borgara, kom í heimsókn og söng nokkur vel valin lög fyrir gesti.

Hátíðargestur dagsins að þessu sinni var ljóðskáldið Harpa Rún Kristjánsdóttir frá Hólum á Rangárvöllum, en hún hlaut nýlega bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir ljóðabók sína, Eddu.

Dagskráin fór vel fram og margir gestir komu í skólann til að fylgjast með.



Sindri hreppir 3. sæti í Rímnaflæði

Félagsmiðstöðin Tvisturinn tók þátt í Rímnaflæði nú á dögnum, en Rímnaflæði er rappkeppni á vegum Samfés, Samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi.

Rímnaflæði er og hefur verið stökkpallur fyrir unga rappara síðan 1999. Keppnin hefur skapað sér fastan sess í dagskrárliðum félagsmiðstöðva um leið og hún vekur áhuga ungmenna á rappi og gefur því jákvæða umfjöllun. Á hverju ári koma fram á sjónarsviðið nýjir og efnilegir rapparar sem sýna frábæra laga- og textasmíd.

Sindri Sigurjónsson í 10. bekk Hvolsskóla keppti fyrir hönd Tvistsins og hreppti þriðja sætið við mikinn fögnuð áheyrenda í troðfullum Fellahelli í Fellaskóla. Sindri samdi sjálfur textann við lagið sitt „Hratt-Satt“, en þess má geta að í ár röppuðu allir keppendur á íslensku.

Við óskum Sindra innilega til hamingju með frábæra frammistöðu og óskum honum góðs gengis á rappferlinum.

Áramóta- og þrettándabrennur



Áramótabrennan á Hvolsvelli verður með hefðbundnu sniði þetta árið og er brennustæðið sem fyrr á túninu norðan við Króktún. Kveikt verður í brennunni klukkan 18:00 á gamlársdag.

Þjörgunarveitin Dagrenning verður með glæsilega flugeldasýningu, eins og hefð hefur skapast fyrir.

Tvær þrettándabrennur verða haldnar í Rangárþingi eystra í ár og eru þær staðsettar annars vegar við Goðaland og hins vegar við Seljalandsfoss.

Kveikt verður í brennunni við Goðaland laugardaginn 4. janúar klukkan 21:30 og við Seljalandsfoss verður brenna mánu daginn 6. janúar klukkan 20:00.

Tímasetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar sem orðið geta vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Fylgist endilega með nánari auglýsingu síðar.



Hjólasumar í Rangárþingi eystra



Fjallahjólakeppnin Rangárþing Ultra fór fram föstudaginn 14. júní sl og er það í þriðja sinn sem sú keppni er haldin.

Keppnin er samstarfsverkefni Rangárþings eystra og Rangárþings ytra, en skipst er á að hefja keppni á Hellu og á Hvolsvelli. Keppnin verður sífellt vinsælli

og hefur hún þegar skipað sér fastan sess hjá mörgu hjólréiðafólki á Íslandi.

Keppnin fór vel fram og voru viðbrögð keppenda og aðstandenda jákvæð. Umfjöllun um keppnina var gríðarlega góð, enda lék veðurbliðan við keppendur sem allir komu heilir í mark. Vegna mikilla þurrka vikunnar fyrir keppni reyndist brautin

fremur strembin. Til dæmis var sandurinn við Helluvað og meðfram Þingskálavegi nokkuð torfær sem gerði það að verkum að hjólin skrikuðu hjá sumum og keðjur fóru af hjá öðrum, þó flestir hafi farið í gegnum brautina án skakkafalla. Að þessu sinni var ræst frá Hellu og hjólað yfir á Hvolsvöll án viðkomu á Þjóðvegi 1. Hjóluð var 50 km leið, 14 km á malbiki, 22 km á mól og 14 km á slóðum. Veitt voru verðlaun í fjórum flokkum, bæði karla og kvenna, en samtals tók 101 keppandi þátt.

Önnur hjólakeppni var haldin á Hvolsvelli í sumar sem leið, en það var fjallahjólakeppnin The Rift. Hún er haldin á vegum íslenska hjólaframleiðandans Leaf Forks. Þar eru hjólaðir um 200 km um hálendið, en upphafsstaður og endamark voru á Eldfjallasetrinu Lava. Um 250 þátttakendur tóku þátt, en þetta var í fyrsta sinn sem þessi keppni er haldin. Mestmegnis voru það erlendir gestir sem kepptu og því var margt um manninn í sveitarfélaginu á meðan keppnin stóð yfir, enda komu flestir keppendur með fjölskyldur sínar með sér.

Stefnt er að því að halda keppnina aftur næsta sumar og þá má búast við enn fleiri gestum. Keppnin hefur hlotið mikla umfjöllun í hjólaheiminum og nú þegar hafa helmingi fleiri skráð sig til leiks en í ár.

Nýtt Ungmennaráð kosið

16. fundur Ungmennaráðs Rangárþings eystra og 1. fundur starfsársins 2019 - 2020 var haldinn í byrjun nóvember.

Kristrún Ósk Baldursdóttir var kosinn formaður, Oddur Helgi Ólafsson varaformaður og Vala Saskia Einarsdóttir ritari. Aðrir nefndarmenn eru Eva María Þrastardóttir, Lovisa Karen Gylfadóttir, Þorsteinn Ragnar Guðnason og Söldís Birta Magnúsdóttir. Að vísu mætti Þorsteinn ekki á þennan fund, en Bjarki Rafnsson, hans varamaður, mætti í hans stað.

Kristrún Ósk Baldursdóttir var kosinn fulltrúi ráðsins í Ungmennaráði Suðurlands, en hún hefur gegnt þeirri stöðu síðastliðin tvö ár.

Meðal málefna sem rædd voru á fundinum voru breytingar á erindisbréfi Ungmennaráðs, hugmyndir að jólasprelli fyrir ungmenni, hugmyndir að skemmtikvöldum fyrir ungmenni, opinn fundur fyrir ungmenni, ruslamál, lýsing í sveitarfélaginu, körfuboltavöllur, auk fleiri mála.



Heimsókn umhverfis- og auðlindaráðherra

Þann 26. september sl. kom Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra í heimsókn í Rangárþing eystra og fundaði með sveitarstjórn og formönnum fjallskilanefnda á skrifstofu sveitarfélagsins.

Umræðuefni fundarins var fyrirhuguð stofnun miðhálandisþjóðgarðs, en í apríl 2018 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra þverpólitíska nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands. Nefndinni var falið það hlutverk að vinna að tillögum um stofnun slíks verndarsvæðis og nú í byrjun desember skilaði hún svo tillögum sínum til ráðherra. Fundur sveitarstjórnarmanna og ráðherra gekk vel og voru umræður málefnalegar og góðar.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur fjallað um og bókað á fundum sínum um fyrirætlanir ráðherra varðandi stofnun miðhálandisþjóðgarðs og eru hér eftirfarandi tvær bókanir sveitarstjórnar vegna málsins:

Mikilvægt er að lögð sé áhersla á verndun ósnortinnar náttúru og almenna nýtingu hálandis við skipulagsgerð. Nú þegar hafa sveitarfélög á Suðurlandi hafið vinnu við að kanna möguleika á að vinna svæðisskipulag fyrir Suðrhálandið. Ljóst er að mikil vinna er framundan á því sviði, en sú vinna er unnin í rétttri röð og af réttum aðilum þ.e. sveitarfélögum. Út úr þeirri vinnu gæti mögulega komið sú niðurstaða að sveitarfélög á Suðurlandi séu tilbúin að leggja hluta af hálandinu í þjóðgarð, en það er þá út frá forsendum sveitarfélaganna. Rangárþing eystra gerir því talsverðar athugasemdir við þær fyrirætlanir að stofnaður verði þjóðgarður á miðhálandi Íslands. Nefnd sem skipuð var af umhverfis- og auðlindaráðherra á vordögum 2018 hefur verið að vinna að því hvernig eigi að stofna miðhálandisþjóðgarð yfirleitt. Svo virðist sem að gleymst hafi að velja því fyrir sér hvort það ætti að fara í þá vegferð. Talsvert mikið af spurningum er enn ósvarað varðandi þann mikilvæga þátt. Vissulega hefur ágætis samráð átt sér stað á milli nefndarinnar og sveitarfélaga, en þar hefur líka talsvert borið á því að sveitarfélög eru frekar neikvæð í umræðunni og með varann á. Það er vel skiljanlegt á margan hátt og eðlilegt að sveitarfélög fari í baklás þegar



þverpólitísk nefnd er byrjuð að vinna að skipulagsmálum sveitarfélaga t.d. með því að ákvarða mörk nýs þjóðgarðs, aðkomuleiðir, áningastaði og uppbyggingu. Það er og á að vera hlutverk sveitarfélaganna. Að mati Rangárþings eystra er mikilvægt að spólað verði aðeins til baka og umræðan um hvort eigi að stofna þjóðgarð verði tekin við sveitarfélögin.

Þá vinnu sem nú hefur farið fram á vegum nefndarinnar telur Rangárþing eystra ekki vera í hennar verkahring, þ.á.m. að vinna með beinum hætti í skipulagsmálum sveitarfélaga þar sem mörk og aðgangspunktur inn í miðhálandisþjóðgarð eru skilgreind. Að mati Rangárþings eystra er það alfarið í höndum sveitarfélaga að ákvarða slíkt í góðu samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Mun meiri opin umræða og samráð þarf að eiga sér stað áður en lengra er haldið, líkt og áður hefur verið bent á. Sem dæmi má nefna að miðað við þá markalínu sem dregin er um þjóðgarðinn í Rangárþingi eystra, fer stærsti hluti hálandissvæðis og afrétta innan sveitarfélagsins undir þjóðgarð, en ekki er gert ráð fyrir neinni þjóðgarðsgátt eða hálandismiðstöð innan eða við svæðið. Bent er á að skv. ramma-skipulagi Suðrhálandis, sem unnið var og samþykkt af sveitarstjórnnum Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Skaftárhrepps, er gert ráð fyrir hálandismiðstöð í Húsadal í Þórs-mörk.

Nýjungar á heimasíðu sveitarfélagsins

Stöðugt er unnið að endurbótum á heimasíðu sveitarfélagsins. Mest lesnar á heimasíðunni eru fundargerðirnar, en nú birtast allar fundargerðir beint á netinu. Nú er einnig hægt að skoða fylgiskjöl þar sem við á, en þau hjálpa til við að átta sig betur á efni fundargerða og bókana hvers málefns fyrir sig.

Búkolla er einnig vinsæl lesning á heimasíðunni, en hún er nú komin í nýjan búning og opnast í lesformi. Einnig er hægt að skoða eldri blöð eins og áður.



Fjölmenningarvika í Leikskólanum Ör

Vikan 14. - 18. október sl. var til-einkuð fjölmenningu í Leikskólanum Ör. Í Rangárþingi eystra búum við í fjölmenningarlegu samfélagi, en með því er átt við að fólk með margvíslega menningu, tungumál, trúarbrögð, uppruna og þjóðerni býr og starfar saman á jafnréttisgrundvelli.

Á leikskólanum Ör sameinast mörg þjóðerni, en starfsfólk og nemandur hans tengjast alls 14 þjóðernum. Hver deild fyrir sig skipulagði og undirbjó mismunandi viðburði þennan dag.

Til dæmis má nefna að sungið var á pólsku, dönsku og portúgölsku, auk íslensku og öll löndin sem leikskólinn getur tengt sig við voru kynnt sér-staklega.

Rökfærsluritun í íslenskutíma

Rannsóknir á þroska og námi barna hafa leitt í ljós að börn hafa frá unga aldri getu og áhuga á að taka þátt í ákvarðanatöku um málefni sem þau varðar. Börn eru sjálf sérfræðingarnir í eigin lífi og því er mikilvægt að nýta einstaka sýn barnanna og þá þekkingu sem þau búa yfir. Þátttaka þeirra eykur einnig skilning fullorðinna á lífi og reynslu barna. Þátttaka er þeim einnig mikilvæg svo að þau nái að þroskast sem best og verða ábyrgir borgarar. Börn sem finna að þau eru virt að verðleikum og fá að hafa áhrif á fjölskyldulífið og umhverfið sem þau búa í eru líklegri til að eiga góð samskipti við foreldra sína sem og aðra í samfélaginu.

Þannig má segja að lýðræðisleg þjálfun og þátttaka barna hafi jákvæð áhrif á samfélagið í heild. Því er mikilvægt að virkja uppbyggilega gagnrýni og gagnrýna hugsun hjá ungmennum.

Nemendur í 9. bekk í Hvolsskóla fengu það verkefni í íslenskutíma á haustmánuðum að æfa sig í rökfærsluritun. Verkefnið fól í sér að skrifa bréf til að sannfæra yfirvöld um eitthvert tiltekið málefni sem tengdist skólaumhverfinu og/eða sveitarfélaginu Rangárþingi eystra. Sem dæmi má nefna ef þeim fannst eitthvað ábóta-

vant, vildu koma með tillögur að úrbótum og fleira.

Nokkur bréf rötuðu inn á borð skólastjóra og enn fleiri á borð sveitarstjóra. Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi fékk einnig sinn skammt og eitt bréf var sent í pósti til Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningar-málaráðherra.

Eins og gefur að skilja voru málefni sem upp komu mörg og margvísileg. Nemendur voru mjög áhugasamir og skorti ekki hugmyndir til að ræða.

Hér eru nokkur dæmi:

- Hugmyndir að frekari afþreyingu í félagsmiðstöðinni
- hugmyndir fyrir mötuneytið í skólanum
- bygging fótboltahallar
- gosbrunnur í miðbæinn
- ruslatunnum meðfram gangstéttum verði skipt út fyrir flokkunartunnur
- meiri sýnileiki á launajafnrétti í sveitarfélaginu
- tillögur að breyttum kennsluháttum
- breyting á aðalnámsskrá grunnskóla



Nýjar ráðningar hjá sveitarfélaginu

Nýverið var ráðið í starf forstöðumanns sameinaðs mötuneytis sveitarfélagsins. Forstöðumaðurinn ber ábyrgð á og sér um daglegan rekstur og þjónustu mötuneytis Hjúkrunarheimilisins Kirkjuhvols, Leikskólans Arkar, Hvolsskóla og jafnvel annarra stofnanna sveitarfélagsins. Sveitarfélagið vinnur að innleiðingu heilsueflandi samfélags og því skal matreiðsla í mötuneytinu taka mið af því.

Ráðinn í stöðuna var Bragi Þór Hansson en hann hefur undanfarið starfað sem yfirkokkur á Hótel Rangá. Bragi hefur unnið sem kokkur bæði héraðs og erlendis síðan árið 2008, en hann vann meðal annars á tveggja stjörnu Michellin veitingastað í London og Radisson 1919 í Reykjavík. Bragi lauk námssamningi á Hótel Rangá þar sem hann vann sem aðstoðarkokkur (e. sous chef) og kláraði meistarárættindi, en árið 2018 tók hann við sem yfirkokkur hótelsins.

Bragi Þór mun hefja störf hjá okkur á nýju ári og bjóðum við hann velkominn til starfa.

Jólaljósín tendruð



Kveikt var á ljósum jólatrésins við Landsbankann á Hvolsvelli þann 26. nóvember sl. Veðrið lék við gesti og möndluilmur fyllti loftið.

Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri setti samkomuna og viðstaddir töldu niður þar til kveikt var á ljósum trésins. Barnakór Hvolsskóla gladdi gesti og söng nokk-

ur jólalög undir stjórn Ingibjargar Erlingsdóttur og síðan var sungið og dansað í kringjum jólatréð.

Hlynur Snær og fleiri góðir gestir sáu um að leiða sönginn við jólatréð og jólasveinarnir létu sjá sig með góðgæti og tilheyrandi kjánalátum, eins og jólasveinum einum er lagið. Kvenfélagið Eining sá um að halda hita á fólki með kakó- og kleinusölu og Möndlubásinn kom og ristaði möndlur fyrir viðstadda í boði sveitarfélagsins.

Kjötsúpuhátíðin 2019

Haustið heilsaði íbúum í Rangárþingi eystra helgina 30. ágúst – 1. september, en þá fór fram hin árlega Kjötsúpuhátíð á Hvolsvelli. Íbúar skreyttu hýbýli sín og götur í öllum regnbogans litum. Mikill metnaður er fyrir skreytingakeppninni og veglegir vinningar veittir fyrir bestu og frumlegustu skreytingarnar ár hvert.



Dagskráin hófst á föstudegi, en þá fór meðal annars fram frisbígolfmót Kjötsúpunnar sem nú var haldið í fyrsta sinn. Þátttaka var framar vonum, en 25 manns tóku þátt í mótinu. Keppt var í barna-, kvenna- og karlaflokki og verðlaun veitt fyrir efstu sætin.

Um kvöldið var hið margrómaða súpurölt, en það hefur verið þartur af hátíðinni í langan tíma og er einn af vinsælustu viðburðum hennar. Á súpuröltinu bjóða íbúar gestum og gangandi til sín í súpu af ýmsu tagi. Í ár voru sex staðir sem buðu heim og var þátttaka mjög góð, enda víðraði einstaklega vel þetta kvöld.

Laugardagurinn hófst svo á hinu árlega Naflahlaupi. Þar var í boði að hlaupa

tvær vegalengdir 7 og 14 km. Aldrei hafa fleiri tekið þátt í hlaupinu, en 120 þátttakendur voru skráðir. Á hverju ári er ágóði hlaupsins ánafnaður góðu málefni.

Um hádegisbil hófst hin eiginlega hátíðardagskrá á Miðbæjartúninu á Hvolsvelli og var gestum boðið til kjötsúpuveislu hjá Sláturfélagi Suðurlands, en það



innar voru á sínum stað s.s. vatnakkattleikurinn sívinsæli, brennan, brekkusöngurinn og glæsileg flugeldasýning sem björgunarsveitin Dagrenning stóð fyrir. Kjötsúpuballið var haldið á laugardagskvöldinu og sá hljómsveitin Allt í inu um að trylla lýðinn langt fram á nótt.

Lokadagur hátíðarinnar var sunnudagurinn, en söguganga um Hvolsvöll með Ísólfi Gylfa Pálmasyri fór fram um morguninn. Dagskránni lauk svo á harmonikkutónleikum á dvalarheimilinu Kirkjuhvoli.

Hátíðin gekk í alla staði vel fyrir sig og var vel sótt. Viðburð með þessu sniði er ekki unnt að halda nema með aðkomu og þátttöku heimamanna og því viljum við þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við að gera þessa fjölbreyttu dagskrá mögulega kærlega fyrir þátttökuna.



Jón Stefánsson hlaut umhverfisverðlaun

Jón Stefánsson, kennari í Hvolsskóla, hlaut náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti á degi íslenskrar náttúru sem haldinn er hátíðlegur 16. september ár hvert.

Það var umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, sem veitti verðlaunin. Í umsögn dómnefndar segir að Jón hafi óþrjótandi áhuga á að nýta náttúruna í nærumhverfi barna til

kennslu, rannsókna og upplifunar, meðal annars með mælingum sjöundu bekkinga Hvolsskóla á hopi Sólheimajökuls, sem staðið hafi í áratug og vakið heimsathygli.

Einnig hefur Jón leitt vistheimtarverkefni og grænánastarf Hvolsskóla með mikilli röggsemi. Rangárþing eystra óskar Jóni innilega til hamingju með viðurkenninguna.



Fastir liðir á dagskrá Kjötsúpuhátíðar-

Þorrablót 2020

Formenn þorrablótnefnda í Rangárþingi eystra hafa skipulagt tímasetningar fyrir þorrablótin sem haldin verða í sveitarfélögunu árið 2020.

Samhljóða niðurstaða var að öll þorrablótin verði nú haldin innan þorrans og raðast blótin eins og hér segir:

- 1. helgi í þorra – Austur-Landeyingar í Gunnarshólma.
- 2. helgi í þorra - Hvolhreppur í íþróttahúsinu á Hvolsvelli.
- 3. helgi í þorra - Fljótshlíðingar á Goðalandi og Austur-Eyfellingar í Fossbúð.
- 4. helgi í þorra – Vestur-Landeyingar í Njálsbúð.
- 5. helgi í þorra – Vestur-Eyfellingar á Heimalandi.

Fyrsti dagur þorra nefnist bóndadagur, en hann fellur á þann 24. janúar 2020, en síðasti dagur þorra hefur verið kallaður þorrapræll. Fyrsta helgi þorra lendir því á 25. - 26. janúar árið 2020.

Um fyrsta dag þorra segir í bréfi Jóns Halldórssonar í Hítardal (f. 1665) til Árna Magnússonar frá árinu 1728, að sú hefð sé meðal almennings að húsmóðirin fari út kvöldið áður og bjóði þorrann velkominn og inn í bæ, eins og um tignan gest væri að ræða.

Eins segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar að bóndi skyldi bjóða þorra velkominn með eftirfarandi hætti:

... með því að þeir áttu að fara fyrstir á fætur allra manna á bænum þann morgunn sem þorri gekk í garð. Áttu þeir að fara ofan og á skyrtnni einni, vera bæði berlæraðir og berfættir; en fara í aðra skálmína og láta hina lafa og draga hana á eftir sér á öðrum fæti, ganga svo til dyra, ljúka upp bæjarhurðinni, hoppa á öðrum fæti í kringum bæinn, draga eftir sér brókina á hinum og bjóða þorra velkominn í garð eða til húsa. Síðan áttu þeir að halda öðrum bændum úr byggðarlaginu veislu fyrsta þorradag; þetta er „að fagna þorra“.

Sumstaðar á Norðurlandi er fyrsti þorradagur enn í dag kallaður „bóndadagur“. Á þá húsfreyjan að halda vel til bónda síns og heita þau hátíðabrigði enn „þorrablót“.

Við vonumst til að sjá sem flesta hoppa um og bjóða þorrann velkominn í janúar.

Fögnum saman á þorrablótum sveitarfélagsins.



Sorphirðudagatal yfir hátíðarnar

Hér má sjá sorphirðudagatalið yfir hátíðarnar. Það verður eitthvað rask á sorphirðu í desember vegna frídaga, en við vonum að allt gangi samt vel fyrir sig. Sorp verður sótt á alla staði þó dagsetningar breytist aðeins.

Tilkynning frá Sorpstöð Rangárvallasýslu Sorphirðudagatal nóvember – desember.



Nú er komið út sorphirðudagatal frá Sorpstöð Rangárvallasýslu fyrir nóvember og desember. Almenn sorp, plast og pappi er tekið á sex vikna fresti en lífrænt alltaf á tveggja vikna fresti. Geymið dagatalið!

Sorphirða 2019						
Fljótshlíð og Vestur-Landeyjar						
Austur-Landeyjar og Merkurbær						
Eyjafjöll						
Bæir vestan Rauðalækjar, Fosshólahringur, Ásahreppur, Heiðarvegur og Hagabraut						
Ásvegur, Laugaland, Landvegur, Landsveit og Þingskálavegur*						
Hella, Lækjarbraut						
Þykkvabæjarvegur, Árbæjarbraut, Lyngás, Veteifsholtshverfi, Rauðalækur, Varmidalur og Rangárvellir sunnan Þjóðvegur						
Gata, Sunnhvöll, Tjaldhólar, Vallarkrókur, bæir vestan við Hvolsvöll, Rangárvallavegur og Kirkjubær						
Hvolsvöllur						
* Ef Þingskálavegur ofan Næfurholts er ófær færirst sorphirða yfir á fimmtudag (grátt)						
PL = Plast	PA = Pappi	AL = Almenn sorp	Lífrænt er tekið á tveggja vikna fresti			
Nóvember						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
					1. AL	2.
3.	4. AL	5. AL	6. AL	7. AL	8. AL	9.
10.	11. PA	12. PA	13. PA	14. PA	15.	16.
17.	18. PA	19. PA	20. PA	21. PA	22. PA	23.
24.	25. PL	26. PL	27. PL	28. PL	29.	30.
Desember - jan						
Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1.	2. PL	3. PL	4. PL	5. PL	6. PL	7.
8.	9. AL	10. AL	11. AL	12. AL	13.	14.
15.	16. AL	17. AL	18. AL	19. AL	20. AL	21. PA
22. PA	23. PA	24.	25.	26.	27. PA	**
29. PA	30. PA	31.	1.	2. PA	3. PA	4.
				PA		
* Fljótshlíð, síðdegis 20. desember ** Vestur og Austur Landeyjar						

Sorpstöð Rangárvallasýslu svarar öllum spurningum um sorpflokkun og sorphirðu á opnunartíma Sorpstöðvarinnar. Hægt er að hafa samband við sorpstöðina á Facebook, netfanginu strond@rang.is eða í s: 4875157.